

Skagafjarðarveitur ehf

Fundur 44 ? 24.01.2005

Þriðjudaginn 25. janúar, árið 2005, kom stjórn Skagafjarðarveitna ehf. saman til fundar kl. 11.00 í Ráðhúsinu á Sauðárkróki.

Mætt voru stjórnarmennirnir: Sigrún Alda Sighvats, Gísli Árnason og Einar Gíslason og Páll Pálsson veitustjóri.

DAGSKRÁ:

1. Fundur með Byggðaráði.

AFGREIÐSLUR:

Sigrún Alda setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Stjórn Skagafjarðarveitna ásamt Páli Pálssyni veitustjóra og Kristjáni Jónassyni endurskoðenda hjá KPMG á Sauðárkróki, funduðu með Byggðaráði Skagafjarðar um að Skagafjarðarveitur myndu leggja hitaveitu í Akrahreppi frá Ytri-Brekkum að Uppsölum. Kristján fór yfir kostnaðarútreikninga á framkvæmdinni og mismunandi leiðir til að fjármagna hana.

Voru aðilar sammála að stjórn Skagafjarðarveitna ehf. héldi áfram með málið í þeim farvegi sem það er í. Eftir fund með Byggðaráði fór stjórnin yfir drög að samningi um framkvæmdina sem yrði síðar til umræðu á fundi með Hreppsnefnd Akrahrepps nk. fimmtudag.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Árni Egilsson (sign)

Sigrún Alda Sighvats (sign)

Gísli Árnason (sign)

Einar Gíslason (sign)

Páll Pálsson (sign)